

1867.

28. febrúar.

Það hefir í för með sér, sem nú er á um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fæstyrk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum eptir sinn dag, hefir dómsmálastjórnin komið sér saman við fjárstjórnina um að setja þá skipun, er eigi má útaf bregða, að tillög þessi skuli frá 1. aprílmán. 1868 ávallt borguð fyrirfram úr aðalféhirzlu ríkisins, en að embættismaðurinn um leið borgi tillag sitt í ákveðinn gjalddaga í jarðabókarsjóðinn, eða, hafi hann föst laun, skuli tillagið tekið af launum hans, og skuli síðan til færa tillagið í reikningum jarðabókarsjóðsins sem borgun skuldar til aðalféhirzlunnar og skýra frá, eins og vera ber, hvernig á því standi.

Um leið og þetta er yður kunngjört, herra (tit.), yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að sjá um, að búið sé fyrir ákveðinn gjalddaga annaðhvort að halda tillaginu eptir af launum þeim, sem embættismaðurinn þá átti heimting á, eða, að hann sé búinn að borga það í peningum í jarðabókarsjóðinn, ef hann hefir ekki föst laun; og ef að ekki er búið að greiða tillag, sem átti að borga í jarðabókarsjóðinn í peningum, áður en hálfur mánuður sé liðinn eptir ákveðinn gjalddaga, þá eigi landfógetinn þegar í stað að skýra háyrvaldi því, sem hlut á að máli, frá því, til þess að það geti gjört ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að slíkar skuldir verði borgaðar sem fyrst, og skal stjórnarráðið þess vegna eitt skipti fyrir öll brýna fyrir yður ákvarðanir þær, sem settar eru í bröf dómsmálastjórnarinnar 13. febrúarmán. 1862.

14. marz.

12. Lög um ríkisstjórnina í fjarveru konungs.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv.: Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Meðan konungur er í burtu á ferð þeirri til útlanda, sem

hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkisstjórnina á hendi í nafni konungs.

1867.
14. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 14. marzmán. 1867.

13. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Englands. 14. marz.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Það Vér sökum veikinda Vorrar ástkæru dóttur, hennar konunglegu tignar prinsessunnar af Wales, tókum Oss í kvöld fyrir hendur ferð til Englands, höfum Vér í dag staðfest lög, sem ríkisþingið hefir fallizt á, um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri. Samkvæmt þessu kunngjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í kvöld á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

14. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi. 22. marz.

Til alþingis þess, er haldið var 1865, kom bænarskrá frá 212 búendum í Mýra-sýslu um löggilding kaupsins á Borgarnesi við Brákarpoll í tæðri sýslu. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá um það og bað í henni um;

- 1) að löggilt yrði kaupsin á Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhreppi í Mýra-sýslu; og til vara:
- 2) að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi verði leyft að koma þar og verzla með alls konar vörur af skipi.

Bænarskrá þessi er prentuð í „Tíðindum frá alþingi“ 1865, II., 371 — 374 bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið verið því yfir höfuð að tala mótmæltur, að fleiri kaupsin verði löggilt, af því að það verði